

ÍSLE3RÁ05

Búið til: Thu, 13 Oct 2022 09:05:49 GMT

Titill

Íslenska

Skammstöfun

ÍSLE3RÁ05

Útgáfunúmer

124

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

Skapandi íslenska með margmiðlun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Skapandi íslenskuáfangi með áherslu á „framleiðslu“ á stuttum sögum, ævintýrum, frásögnum og fræðslu fyrir börn sem birtar yrðu á myndrænan og leikrænan hátt með hjálp margmiðlunarforrita og appa og deilt á internetið þannig að þau verði aðgengileg ungum áhorfendum.

Forkröfur

10 ein. á 2. þrepi í íslensku

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi frásagnaraðferðum og framsetningu í barnabókmenntum
- mismunandi verkfærum til myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð margmiðlunarefnis
- eigin samfélagslegri ábyrgð á innihaldi og birtingu efnis á netinu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem hann öðlast í áfanganum
- nota gagnrýna hugsun við skrif, úrvinnslu og túlkun fyrir unga notendur
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- nota mismunandi verkfæri til myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð margmiðlunarefnis

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta metið efni af neti og samfélagsmiðlum á gagnrýnninn hátt og áhrif þess, jákvæð og neikvæð, á neytendur á mismunandi aldri
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkefnum sínum
- semja íslenskt efni ætlað börnum
- búa til margmiðlunarefni svo sem teiknimyndir, brúðumyndir og hikmyndir (e. stop motion) með íslensku tali

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd